

Miðbærinn okkar

Við hjá Höfuðborgarlistanum viljum bætt aðgengi fyrir fyrirtæki í miðborginni. Við sjáum að þrengt er að fyrirtækjum sem eru stofnuð til að þjónusta borgarbúa. Verslanir sem eru sérsniðnar fyrir erlenda ferðamenn eru á hverju horni á meðan önnur þjónustufyrirtæki og verslanir eru að færast úr borginni. Sú þéttingastefna sem hefur verið rekin hér í miðborginni, á dýrasta svæði landsins, með tilkomu risa bygginga sem minnka lífsgæði þeirra sem þegar búa þar með skuggavarpi, minna aðgengi, meiri umferð og fækkun bílastæða, er ekki til þess fallin að laða að fjölskyldufólk, hvað þá ungt fólk og einstaklinga sem vilja gjarnan búa í miðborginni en leita annað vegna fasteignaverðs.

Nýju íbúðirnar í miðbænum eru í fararbroddi hækkana á fasteignaverði og þjóna þröngum hópi viðskiptavina. Það þarf ekki að vera slæmt að byggja til að þjóna þröngum hópi viðskiptavina ef nægt framboð

húsnæðis er í borginni. Íbúar Reykjavíkur flytja úr borginni til annarra sveitafélaga sem sinna aukinni eftirspurn með meira framboði. Við erum ekki sátt við þessa þróun því við viljum að allir; ungt fólk, fjölskyldur, og einstaklingar geti valið að búa í Reykjavík. Við þurfum að hafa fólknið hér í Reykjavík til að taka við keflinu af okkur og sinna málefnum borgarinnar.

Höfuðborgarlistinn vill mæta þessari þörf og auka framboð á íbúðum í úthverfum borgarinnar, þannig að hægt sé að draga úr álagi í miðborginni en í staðinn eflum við innviði úthverfa borgarinnar með aukinni þjónustu eins og samgöngum, sundlaugum og íþróttamannvirkjum en þeir sem þar búa eru að borga fullt útsvar og gjöld - eins og hverfin séu fullmótuð. Þeir sem raunverulega vilja búa í miðbænum geta búið þar og aðrir geta valið að fara í úthverfin. Við munum tryggja nóg framboð.



Sif Jónsdóttir

Höfuðborgarlistinn mun tryggja nægt framboð íbúðarhúsnæðis á kjörtímabilinu sem mun skapa jafnvægi á markaðnum í verði og nægu framboði.

Sif Jónsdóttir skipar 2. sæti Höfuðborgarlistans